

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 2001.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Um breytingu á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. 3.–6. gr. laganna, skulu tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 500 m.kr. renna í ríkissjóð á árinu 2001.

Um afnám laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

2. gr.

Lögin falla úr gildi 1. janúar 2001.

3. gr.

Ríkissjóður yfirtekur eignir og skuldir erfðafjárjóðs miðað við stöðu þeirra 31. desember 2000.

Um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.

4. gr.

Í stað orðanna „til erfðafjárjóðs“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: í ríkissjóð.

Um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu.

5. gr.

- a. 1. tölul. 39. gr. laganna fellur brott.
- b. Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 161/1996, um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra greiðist á árinu 2001 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. laganna.

Um breytingu á erfðalögum, nr. 8/1962.

6. gr.

- a. Í stað orðsins „erfðafjárjóð“ í fyrri málslið 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: ríkissjóð.
- b. Síðari málsliður 1. mgr. 55. gr. laganna fellur brott.

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

*Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2000.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað liðarins „Búfjárræktarnefnd“ kemur í rétttri stafrófsröð nýr liður er orðast svo:
Fagråd: Nefnd sem mótast stefnu í kynbótum, rannsóknnum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar samkvæmt ákvæðum búnaðarlaga, nr. 70/1998.
- b. Liðurinn „Einangrunarstöð“ orðast svo: Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, gæludýr, fugla og fiska.
- c. Liðurinn „Sóttvarnardýralæknir“ orðast svo: Faglegur opinber eftirlitsaðili sóttvarna-
stöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „búfjárræktarnefndar“ og „hún“ í 1. málsl. kemur: fagråðs, og: það.
- b. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. málsl. kemur: fagråd.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skal annast og bera ábyrgð á“ í 1. málsl. kemur: hefur eftirlit með og ber ábyrgð á.
- b. Í stað orðanna „Á sama hátt annast það“ í upphafi 2. málsl. kemur: Á sama hátt hefur það eftirlit með.
- c. Í stað orðsins „búgreinasamtökum“ í 2. málsl. kemur: búgreinasamböndum.
- d. Í stað orðsins „búfjárræktarnefnd“ í 2. málsl. kemur: fagråd.

5. gr.